



# JAR2A05 – Almenn jarðfræði

Námsáætlun, haustönn 2021

**Kennari: Kristinn Arnar Guðjónsson**

**Netfang: kristinn@bhs.is**

## Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á meginatriði jarðfræði Íslands, tengsl upprunna landsins við landrek og landmótun af völdum innrænna og útrænna afla. Farið er í undirstöðuatriði steinda- og bergfræði og einnig kenningar um uppruna kviku og myndun mismunandi kvikugerða undir Íslandi.

## Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi m.a.

- geri sér grein fyrir notagildi jarðfræðiþekkingar með íslenskar aðstæður að leiðarljósi
- geti beitt öllum algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði í umfjöllun sinni um myndun og gerð náttúrufyrirbæra
- hafi þjálfun í að greina berg og steindir og geti út frá þeirri greiningu fjallað um og útskýrt myndun bergs og myndun mismunandi gerða kviku
- þekki helstu gerðir eldstöðva og geti skýrt mismunandi virkni þeirra
- geti fjallað um landmótun af völdum frostverkanna, vatnsfalla, sjávar, jökla og vinds
- geti gert grein fyrir mismun á gerð fallvatna
- þekki megin atriði í jarðsögu heimsins
- þekki megin atriði í jarðsögu Íslands
- þekki nokkuð ítarlega jökulbreytingar á síðjökultíma
- þekki umhverfisbreytingar á síðustu 10.000 árum
- kunni grundvallaratriði í ritgerðasmíð og uppbyggingu heimilda ritgerða innan raungreina (þ.m.t. vísun í heimildir, val á heimildum o.sfrv.)

geti lesið fræðigrein á námsviðinu og geti dregið saman aðalatriði slíkra greina

## Námsmat:

Mæting:

Til að standast áfangann þarf nemandinn að standast kröfur um mætingu eins og þær eru kynntar í reglum skólans. Mæting þarf að vera 90% en tekið er tillit til lögmætra fjarvista að vissu marki. Samanlagður hlutur lögmætra og ólögmætra fjarvista má ekki fara yfir 20%. Lögmætar fjarvistir teljast veikindi og leyfi sem eru viðurkennd af skólayfirvöldum og koma fram í INNU. Standist nemandinn ekki þessar mætingakröfur telst hann fallinn í áfanganum.



### Aðrar námsmats kröfur:

Námsmat byggir á eftirfarandi:

- Þremur hlutaprófum sem hvert vega jafnt - alls 30%
- Yfirlitskönnun 20%
- Fjórum skilum á verkefnahefti sem vega jafnt (2,5% hver skil) - alls 10%
- Fjórum tímaverkefnum sem vega hvert 5% alls 20%
- Önnur verkefni 20%

**ATH: Þessir námsmatsþættir miðað við staðarnám. Komi til þess að nám færist yfir í fjarnám breytist vægi tveggja seinustu liðanna. Hvert tímaverkefni í fjarnámi vegur 2,5% í stað 5% en vægi annara verkefna hækkar að sama skapi. Verði t.d. öll tímaverkefni unnin í fjarnámi verður heildarvægi þess liðar 10% (í stað 20%) en önnur verkefni verða 30% (í stað 20%)**

### Námsgögn:

Almenn jarðfræði

Höfundar: Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson

Útgefandi: IÐNÚ

Verkefnahefti JAR2A05 (fæst í ArtPro Bíldshöfða 14)

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Komi upp vandkvæði eða veikindi hjá nemenda sem aftra honum frá því að mæta og hann telur ástæðu til að taka tillit til skal hann hafa samband við kennara sem fyrst. Það mun síðan metið af kennara hvort ástæða sé til þess að taka tillit til þeirra ástæðna. Ef tekið verður tillit til slíkra aðstæðna gæti jafnframt verið gerð krafa til þess að nemandi ynni upp með einhverjum hætti það sem hann hefur farið á mis við. **EKKI ER HÆGT AÐ TAKA TILLIT TIL SLÍKRA ÞÁTTA NEMA AÐ UPPLÝSINGAR KOMI FRAM UM LEIÐ OG VANDKVÆÐI KOMA UPP EÐA Í SÍÐASTA LAGI ÞEGAR AÐ NEMANDI SNÝR AFTUR TIL NÁMS. NEMANDI GETUR HAFT SAMBAND VIÐ KENNARA MEÐ PÓSTI EÐA Í SÍMA.** Skil á verkefnahefti eiga sér stað við upphaf þess hlutaprófs sem skilin ná yfir. Skili nemandi *ekki hefti á þeim tíma fær hann núll fyrir þau skil. Sé nemandi veikur í hlutaprófi skal hann skila verkefnahefti í fyrsta tíma sem hann mætir í eftir veikindi. Sjúkrapróf úr öllum hlutaprófum eru samkvæmt fyrirmælum kennara. Sjúkrapróf vegna leskannanna eru í fyrsta tíma sem nemandi mæti í eftir veikindi. Þeir einir eiga rétt á sjúkraprófum sem eru skráðir löglega forfallaðir á þeim degi sem hlutapróf/leskönnun var þreytt. Öll verkefanaskil eiga sér stað í námsþingi skólans – ekki er tekið við verkefnum í tölvupósti. Gerð er krafa til þess að nemandi mæti í alla tíma með nauðsynleg kennslugögn (námbók og verkefnahefti). Miðað er við að heimavinna nemanda sé að jafnaði 2 tímar á viku yfir önnina og að nemendur lesi að jafnaði 15 bls. á viku yfir önnina.*



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	18.-20. ágúst	Kynning	
2	23.-27. ágúst	1. Kafli - Ingangur	
3	30. ágúst- 3. sept.	4. kafli holufyllingar.	
4	6.-10. sept.	5. kafli flokkun bergs	Steinaverkefni (5%) Nýnemahátíð
5	13.-17. sept.	6. Kafli flokkun eldstöðva	1. hlutap.(10%) 1. skil á verkefnah. (2,5%)
6	20.-24. sept.	6. Kafli flokkun eldstöðva	
7	27. sept.- 1. okt.	2. kafli Flekakenningin	Eldfjöll verkefni (5%) Varða I
8	4. okt.- 8. okt.	2. kafli Flekakenningin	Heilsudagur
9	11. okt.- 15. okt.	7. Kafli jarðhiti	
10	18. - 21. okt.	7. Kafli jarðhiti	2. hlutapróf 2. skil á verk.
11	26. - 29. okt.	3. Kafli jarðskjálftar	Hausthlé
12	1.-5. nóv.	3. Kafli jarðskjálftar	Varða II
13	8.-12. nóv.	Kynning á fræðigrein	Jarðskjálfta verefni (5%)
14	15.-19. nóv.	Jarðsaga	
15	22.-26. nóv.	Jarðsaga	Jarðsögu verkefni 5%
16	29. nóv - 3. des.	Jarðsaga	3. hlutapróf (10%) 3. skil á verkefnaheftir (2,5%)
17	6.-10. des.	Verkefnavika	Yfirlitskönnun 20%
18	13.-17. Des.		Kennslu lýkur Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*